

„Alda socialismans“

skolar Bruce forsætisráðherra
út úr ástralska þinginu.

FB., 17. okt.
Frá Sidney í Ástralíu er símað:
Talning atkvæða hefir farið fram

í kjördæmi Bruce stjórnarforseta.
Andstæðingur hans bar sigur úr
býtum með miklum atkvæðamun.

Braskið með bæjarlandið.

Ihaldsmenn í fasteignanefnd
vilja gefa Magnúsi Kjaran
1000 krónur.

Á næst síðasta bæjarstjórnarfundum samþykkti borgarstjóri og liðsmenn hans að leyfa Helga Magnússyni að selja erfðafesturétt til spilldu af landi bæjarins fyrir 13 000 krónur. Bærinn hafði kauprétt fyrir 8500 krónur, og gáfu því ihaldsmenn í bæjarstjórninni Helga verðmuninn, kr. 4500. —

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gærkveldi kom fyrir annað mál sams konar. Í fundargerð fasteignanefndar frá 15. þ. m. er bókað:

„3. — Magnús Kjaran býður forkaupsrétt að erfðafestulandi landi sínu, Þvottalaugabletti XIII., sem hann ætlar að selja Theódór Sigurgeirssyni fyrir 3000 krónur.

Landið er 1 ha. [um 3 dag-sláttur] að stærð, og hefir bærinn endurkaupsrétt að landinu fyrir 2000 krónur auk girðinga.

Meiri hluti nefndarinnar [Ágúst Jósefsson var á móti] leggur til að forkaupsrétti sé hafnað.“

Tillaga þessi kom svo til bæjarstjórnarinnar. Á fundinum upplýstist, að girðingin væri sára litils virði, svo að verðmunurinn, 50%, eða 1000 krónur, liggur nær því allur í verðhækkun landsins, því að verðið, sem bærinn hefir kauprétt fyrir, miðast við það, að kostnaðurinn við ræktunina sé greiddur erfðafestuhafa — sem og er rétt. Enn fremur upplýstist það, að spilda þessi var upphaflega lútin á erfðafestu árið 1918 og skyldi fullræktuð á næstu 5 árum, gekk síðan kaupum og solum unz Magnús Kjaran keypti hana fyrir 2600 krónur árið 1924. Þá var hún ekki enn komin í fulla rækt, því að Kjaran kvaðst hafa varið um 500 krónum til þess að fullrækta hana og lagfæra girðinguna. Í þessu sambandi varð borgarstjóri að játa, að ekkert „effektivt“ eftirlit væri haft með því, hvort erfðafestuhafar uppfylltu skilyrðin um að fullrækta landið á ákveðnum tíma, sem oftast er 5 ár.

Haraldur benti á, að þar eð bærinn getur tekið spillduna fyrir 2000 krónur og Theódór vill kaupa erfðafesturéttinn fyrir 3000, þá gæfi bæjarstjórn Kjaran

af sameign bæjarmanna verðmuninn, 1000 krónur, að frá dregnu verði girðingarinnar, sem er sáralítið, með því að nota ekkert rétt sinn. Þótt Kjaran yrði fyrir nokkru tapi af þessu, gæti bæjarstjórn ekki tekið tillit til þess því að honum hlyti að hafa verið kunnugt um, að bærinn hefði kauprétt fyrir 2000 krónur, en hann keypti erfðafesturéttinn. Með því að leyfa einstökum mönnum að selja afnotaréttinn að landi bæjarins fyrir herra verð en ræktuninni næmi, væri beinlínis ýtt undir menn til þess að braska með landið og sprengja upp verð á því. Lagði Haraldur til, að málinu væri vísað aftur til fasteignanefndar, til athugunar og henni jafnframt falið að ganga úr skugga um verðmæti girðingarinnar og hvort landið væri fullræktað.

Þessi tillaga Haralds var feld með 6 : 6 atkvæðum.

Síðan var gengið til atkvæða um tillögu nefndarinnar: að hafna kaupréttinum, þ. e. gefa Kjaran 1000 krónurnar. Atkvæðagreiðslan fór þannig, að tillaga nefndarinnar var einnig drepin með 6 : 6 atkvæðum. Þótti borgarstjóra þetta hart, því að sumir flokksmenn hans sátu hjá, og krafðist þess, að atkvæðagreiðslan yrði endurtekin og nafnakall viðhaft. Var það gert. Þá var tillagan drepin í annað sinn. Voru 6 ihaldsmenn auk borgarstjóra með því að gefa 1000 krónurnar, en jafnaðarmenn og Þórður Sveinsson á móti. Guðrúnu Jónasson vantaði á fundinn og Kjaran fékk ekki að greiða atkvæði.

Þetta er spor í áttina. Rétt var að fella tillögu um að hafna kaupréttinum, en einkennileg afgreiðsla er það, að fella líka að athuga málið.

En margt er skritið í bæjarstjórninni.

Íslenzkur sjómaður drukknar við England.

Í gær kom skeyti hingað til Reykjavíkur, þar sem skýrt var frá því, að skipverji á togaranum „Max Pemberton“ hefði fallið í höfnina í Grimsby og drukknað. Hét hann Pétur Halldórsson, trésmiðs, Þorsteinssonar, kvæntur maður, 28 ára gamall. Móðir hans er á lífi og á heima hér í Reykjavík, en faðir hans er dáinn fyrir nokkrum árum. Pétur heitinn átti heima á Hverfisgötu 67.

Kr. 29,50.

Tókum upp í gær stórt úrval af
Vetrarkápum með skinnkraga
og er verð frá 29,50.

Verzlunin Egill Jacobsen.

BLÓMLAUKAR

TIL SÖLU.

Páskalliljur margar teg.	á 0,25 a.
Tvöfaldir Túlipanar	á 0,20 —
Brede-Túlipanar	á 0,20 —
Darwin-Túlipanar	á 0,18 —
Hyacinter ýmsir litir	á 0,60 —
Scilla margar teg.	á 0,10 —
Hyacinta Muscari	á 0,08 —
Crocus	á 0,10 —

Alt úrvals vörur frá stærsta og
bezta lauka-verzlunarhúsi
í Hollandi.

Þeir, sem kaupa 50 lauka og þar
yfir, fá þá setta niður
í garða eða á leiði kostnaðarlaust.

JOHAN SCHØDER

garðyrkjumaður,

Suðurgötu 12.

Sími 87.

Pétur heitinn hefir lengi verið „Dagsbrúnar“-félagi og hinn ágætasti félagsmaður.

Samvinna við Hafnfirðinga.

Tillaga Ólafs Friðrikssonar
loksins samþykkt.

Örskamt er síðan meiri hluti bæjarstjórnarinnar feldi umræðulaust tillögu Ólafs Friðrikssonar um að kjósa þriggja manna nefnd til samvinnu við sams konar nefnd frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar um sameiginleg hagsmunamál beggja kaupstaðanna. Það gerði Knútur borgarstjóri og lið hans 5. september. Síðar braut borgarstjóri skýlausan rétt Ólafs til að fá málið tekið fyrir á öðrum bæjarstjórnarfundum. Stalst Knútur þá undan því að verða við ósk Ólafs um að taka málið á dagskrá. Þann leik treysti K. Z. sér þó ekki til

að endurtaka og nú kom málið aftur fyrir bæjarstjórnina.

Og nú fór svo í gærkveldi, að að bæjarstjórnin samþykkti sams konar tillögu frá Ólafi eins og áður hafði verið feld, þar sem hún ákvað að kjósa þrjá menn til að leita samvinnu við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um sameiginlegu hagsmunamálin. Knútur lagði til, að tillögunni væri vísað til bæjarlaganefndar, en það var felt með 7 atkv. gegn 4, enda hefði það verið næsta einkennileg afgreiðsla að kjósa nefnd til að athuga, hvort kjósa skyldi nefnd. Tillaga Ólafs var síðan samþykkt með 8 atkvæðum gegn 7. Greiddu Alþýðuflokksfulltrúarnir atkv. með henni og auk þeirra Theódór Lindal og Þórður Sveinsson. Hinir greiddu allir atkv. á móti henni, nema Guðrún Jónasson var ekki á fundi.

Kosningu nefndarinnar var frestað til næsta fundar.

Við umræðurnar benti Stefán Jóh. Stefánsson á, að æskilegt